

4. Ísafjörður—Hornafjörður—Ísafjörður.
5. Sauðárkrókur—Akureyri—Sauðárkrókur.
6. Sauðárkrókur—Húsavík—Sauðárkrókur.
7. Akureyri—Húsavík—Akureyri.
8. Akureyri—Raufarhöfn—Akureyri.
9. Akureyri—Þórshöfn—Akureyri.
10. Egilsstaðir—Hornafjörður—Egilsstaðir.
11. Hornafjörður—Fagurhólsmýri—Hornafjörður.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á umræddum flugleiðum og jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningaþörf krefur, að dómi ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 27. október 1970.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Vestmannaeyjum.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Vestmannaeyjum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. október 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag Staðar- og Vatnadalársár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Staðar- og Vatnadalársár. Heimili þess og varnarþing er Suðureyri í Súgandafirði.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Staðar- og Vatnadalársá, en þær eru Staður, Vatnadalur, Bær og Sólstaðir.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.